

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2008, þriðjudaginn 19. ágúst, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **68. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður, Árni Kristjánsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Nollur ehf, Nolli, Grýtubakkahreppi, sækir um leyfi fyrir þjónustuhúsi, hús nr. 1, fyrir ferðapjónustu á jörðinni Nolli, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teikni-og verkfræðistofunni Opus, dags. 30.06.2008, verk nr. 080502.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

2. Nollur ehf, Nolli, Grýtubakkahreppi, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi, hús nr. 2, á jörðinni Nolli, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teikni-og verkfræðistofunni Opus, dags. 30.06.2008, verk nr. 080502.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

3. Guðmundur Bjarnason, Svalbarði, Svalbarðsstrandarhreppi, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við fjós, aðstaða fyrir kálfa og til fóðrunar í fjósi á jörðinni Svalbarði, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Byggingarþjónustu Bændasamtaka Íslands, dags. 18.06.2008, verk nr. 0996-10.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

4. Snæbjörn Magnússon, Skessugili 19, Akureyri, sækir um leyfi fyrir aðstöðuhúsi á lóð nr. 17, í Heiðarbyggð, á jörðinni Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá umsækjanda.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

5. Hörður Jónsson, Gnitaheiði 3, Kópavogi, sækir um leyfi fyrir framkvæmdum á lóð, sólpöllum stoðveggjum, setlaug o.fl. við íbúðarhúsið að Sólheimum 3, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Teikn á Lofti, dags. júní 2007.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

6. Guðmundur H. Guðmundsson og Máni Guðmundsson Halllandi, Svalbarðsstrandarhreppi, leggja fram breyttar teikningar af áður samþykktu erindi frá 5. júní 2007 af viðbyggingum og endurbótum á íbúðarhúsinu á Halllandi, meðfylgjandi teikningar eru frá Guðmundi Gunnarssyni verkfræðingi, verk nr. 100n-02, breyting dags. 15.06.2008.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

7. Þórður Harðarson, Hellulandi 10, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir bílgeymslu, viðbygging við íbúðarhúsið að Álfaklöpp, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á teiknistofu, dags. 02.06.2008, verk nr. 99-309.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

8. Þverá-Fasteign ehf, Þverá, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir byggingu á jarðgerðarstöð á lóð úr landi Þverár, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Mannvit verkfræðistofu, dags. 05.08.2008, verk nr. 9.610.270. Fram kemur í umsókn að deiliskipulagsferli er ekki endanlega lokið.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, en bendir á að þar sem deiliskipulagsferli er ekki lokið verður byggingarleyfi ekki gefið úr fyrir en það verður frágengið.**

9. Hákon Sæmundsson, Norðurgötu 56, Akureyri, sækir um leyfi fyrir einbýlishúsi á lóð nr. 14 við Bakkatröð, Reykárhverfi, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Form, dags. 01.07.2008.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

10. Jónas Þór Ellertsson Birkihlíð 5, Hörgárbyggð, sækir um leyfi fyrir sólskála og geymslu við íbúðarhúsið að Birkihlíð 5, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá AVH teiknistofu, dags. 06.06.2008.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

11. Stefán Ívar Hansen, Fannagili 13, Akureyri, sækir um leyfi fyrir aðstöðuhúsi á lóð nr. 5 við B-Götu í skipulögðu sumarbústaðahverfi á jörðinni Steðja, Hörgárbyggð, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá teikni-og verkfræðistofunni Opus, dags. 12.08.2008, verk nr. 080801.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

12. Hreinn H. Jósavínsson Auðnum I, Hörgárbyggð, sækir um leyfi fyrir 9 fermetra geymsluskúr á eyðibýlinu Glöppu, Öxnadal, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá framleiðanda.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

13. Kristján Hermannsson, Eikarlundi 27, Akureyri, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á jörðinni Hallfríðarstaðakoti, Hörgárbyggð, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teikni-og verkfræðistofunni Opus, dags. 01.08.2008, verk nr. 080602.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

14. Sverrir Haraldsson, Þelamerkurskóla, Hörgárbyggð, sækir um leyfi fyrir viðbyggingum við íbúðarhús á lóð í landi Skriðu, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Luigi Bartolozzi, dags. 10.07.2008.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.15.

Árni Kristjánsson  
Pálmi Laxdal  
Jósavin Gunnarsson

Klængur Stefánsson  
Egill Bjarnason